



Ársskýrsla

Samantekt um árið 2009

Starfsáætlun 2010



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
GRUNNSTARFSEMI	4
STOFNAÐILAR VISKU	4
STJÓRN VISKU	4
STIKLAÐ Á STÓRU Í STARFSEMI VISKU 2009-2010	5
SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS	8
SAMANTEKT Á ÁRINU 2009	8
HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SÍ- OG ENDURMENNTUN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ÞÁTTTAKA Á NÁMSKEIÐ	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
VÍKA SÍMENNTUNAR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SAMSTARFSADILAR NÁMSKEIÐAHALDS.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
KVASIR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
LEIKN	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
FS-NETIÐ OG MENNTABRÚ	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ERLEND SAMSTARFSVERKEFNI.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ANNAÐ SAMSTARF.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
STARFSÁÆTLUN 2010.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
NÁMSKEIÐAHALD	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
FJARNÁM	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
FJARNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
HÁSKÓLAHÁTÍÐ	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SÉRVERKEFNI	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN	17
FYLGISKJAL I.....	18
FYLGISKJAL II.....	19
FYLGISKJAL III	23
FYLGISKJAL IV	25

Inngangur

Í skýrslu Visku fyrir árið 2009 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2009 og framan af ári 2010. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni á síðasta ári og virðist munu hafa áhrif á framtíðarstarfesemi símenntunarmiðstöðva.

Viska leigir sem fyrr aðstöðu í Þekkingasetri Vestmannaeyja og kaupir með henni þjónustu við sí mavörslu, þrif, póst og ljósritun sem og bókhald, reikningshald og fleiri verkefni sem til falla. Þjónustufulltrúar í Þekkingasetrinu eru Margrét Hjálmarsdóttir, sem sér að mestu um bókhald og Ester Garðarsdóttir.

Viska hefur enn afnot af kennslustofu á jarðhæð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, en greiðir nú ekki leigu fyrir það lengur. Þess í stað fær Framhaldsskólinn að nota fjarfundabúnað Visku þeim að kostnaðarlausu.

Grunnstarfsemi

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar
Sparisjóður Vestmannaeyja
Ísfélag Vestmannaeyja
Vinnslustöðin hf.
Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf.
Tölvun ehf.
Eyjasýn ehf.
Skipalyftan hf.
Drífandi stéttarfélag
Verslunnarmannafélag Vestmannaeyja
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
Verkstjórafélag Vestmannaeyja
Sveinafélag járniðnaðarmanna
Heiðbrigðisstofnun Vestmannaeyja
Stjórnunarfélag Vestmannaeyja
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Háskóli Íslands (samstarfsnefnd HÍ og Vey)
Háskólinn á Akureyri

Stjórn Visku

Arnar Sigurmundsson formaður
Gunnar Gunnarsson varaformaður
Baldvin Kristjánsson
Helga Björk Ólafsdóttir
Unnur Sigmarsdóttir

Varamenn

Davíð Guðmundsson
Páll Marvin Jónsson
Rúnar Bogason

Stjórn Visku hélt sex bókaða fundi frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 28. maí 2009

Endurskoðandi: Deloitte

Skoðunarmenn: Hörður Óskarsson og Guðrún Erlingsdóttir

Stiklað á stóru í starfsemi Visku 2009-2010



Síðasti aðalfundur Visku var haldinn 28. maí 2009. Stjórnin hélt fimm bókaða fundi á starfsárinu, en aðal- og varamenn hafa frá stofnun Visku 2003 ávallt setið stjórnarfundi. Arnar Sigurmundsson var endurkjörinn formaður stjórnar og Gunnar Gunnarsson varaformaður á fundi stjórnar að loknum aðalfundi.

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður Visku er í 100% starfi. Sólrún Bergþórsdóttir kennari var ráðinn í 40% sem náms- og starfsráðgjafi hjá Visku frá 1. september 2008 og tímundið í 50% starf frá ársbyrjun 2010. Formaður stjórnar hefur frá upphafi annast fjármál Visku án sérstakrar þóknunar.

Starfsemi Visku fylgir að mestu skólaárinu með undirbúningi síðsumars og síðan haust- og vorönn og spannar regluleg starfsemi yfir liðlega 10 mánuði á ári.

Mestur hluti af starfsemi Visku fer fram í tveimur kennslustofum á 3ju hæð á Strandvegi 50, auk þess sem þar er skrifstofa forstöðumanns og náms- og starfsráðgjafa auk þess eldhúsaðstaða fyrir nemendur. Sameiginleg skrifstofa ÞSV með þjónustufulltrúum er á 2. hæð hússins. Húsnæðið er farið að takmarka starfsemina í húsinu og voru uppi áform um að Vestmannaeyjabær kaypti jarðhæðina af ríkissjóði en þar hefur verið Vínbúð allt frá 1966. Þessi kaup gengu því miður ekki eftir þar sem ekki var vilji að selja og flytja Vínbúðina í annað húsnæði í miðbænum. Þegar þekkingarsetur Vestmannaeyja hóf starfsemi sína 1. maí 2008 var opnunartími þjónustuskrifstofu lengdur 2-3 klst. á dag og hefur það haft jákvæð áhrif fyrir alla starfsemi í húsinu.

Margrét Hjálmarsdóttir og Ester Garðarsdóttir þjónustufulltrúar eru samtals í rúmlega heilu starfi hjá ÞSV. Reikna má með að liðlega þriðjungur af þeirra starfi fari í þjónustu við viðskiptamenn Visku. Meðal verkefna þeirra fyrir Visku er skráning, eftirfylgni og reikningsgerð vegna námskeiða, útreikningur vinnulauna og almenn þjónustustörf. Auk þess hefur verið kallað til fólks vegna yfirsetu í prófum ofl.

Viska er aðila að Kvasi, samtökum símenntunarmiðstöðva og Leikn- samtökum um fullorðinsfræðslu. Aðalfundir þessara samtaka voru haldnir á Akureyri 19.-20. apríl 2010. Kvasi samtök

símenntunarmiðstöðva verða 10 ára á þessu ári, en flestar símenntunarmiðstöðvarnar fyrir utan Visku voru stofnaðar 1999, en Viska sem hefur verið yngsta miðstöðin stofnuð í ársbyrjun 2003. Á síðasta ári gekk svo Mímir inn í Kvasi og test nú yngsta stöðin í samtökum Kvasis.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hafði uppi áform allt frá stofnun árið 2008 að ráðast í nýbyggingu undir starfsemi sína og þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru með húsnæðisaðstöðu í Setrinu eða eru í nánú samstarfi. Bankahrunið í október 2008 kollvarpaði þeim hugmyndum, þar sem kostnaður við nýbygginguna hækkaði mjög mikið vegna lækkunar á gengi krónunnar og fjárhagur ríkisins varð einnig fyrirt miklu áfalli af völdum hrunsins.

Eins og fram hefur komið voru áform um stækkun húsnæðis ÞSV að Strandvegi 50 tekin fram á nýjan leik strax eftir að fallið frá áformum um nýbyggingu haustið 2008.

Kaup á jarðhæðinni að Strandvegi 50 hefðu þjónað mjög hagsmunum Visku, því þá hefði starfsemin verið að mestu flutt af þriðju hæðinni á jarðhæðina, en þar voru áform um að koma upp fyrirlestrarsal og skrifstofum. Þetta hefði einnig stækkað húsnæði ÞSV um tæp 50%. Málið var endanlega tekið út af borðinu af fjármálaráðneytinu í ársbyrjun 2010.

Í vetur var sett skoðun á því að hálfu Vestmannaeyjabæjar og ÞSV hvort heppilegt væri að flytja starfsemi ÞSV að hluta eða að öllu leiti í annað húsnæði. Vestmannaeyjabær hefur keypt húsnæði í næsta nágrenni Strandvegs 50 undir starfsemi Sjávarrannsóknamiðstöðvar og Náttúrugripa- og fiskasafns og fleiri stofnana. Einn möguleikinn væri að stækka það húsnæði umtalsvert og flytja hluta af starfsemi sem fram fer að Strandvegi 50 í hið nýja húsnæði. Annar möguleiki er að flytja alla starfsemina sem fram fer að Strandvegi 50 í annað húsnæði sem staðsett er við hlið þess húss sem Vestmannaeyjabær er búinn að kaupa - og starfrækt verður undir nafninu Sæheimar. Þess er að vænta að þessir valkostir verði kynntir fyrir forráðamönnum Visku og annara stofnana og fyrirtækja sem þar eru til húsa eða starfa í nánú tengslum við ÞSV.

Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum og þar er Viska engin undantekning. Vægi tómstundanámskeiða hefur minnkað og í staðinn hafa komið lengri og metnaðarfullri námskeið og menntabrautir.

Samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skipta í seinni tíð orðið miklu í starfsemi símenntunarstöðva. Samningar um náms- og starfsráðgjöf og vinna fyrir Vinnumálastofnun er orðið snar þáttur í starfseminni. Þessir liðir að viðbættu hefðbundnu nánskeiðahaldi og umsjón með fjarnámi og umsýsla með öðru námskeiðahaldi mynda megingrunn starfseminnar. Forstöðumaður Visku mun greina nánar frá námskeiðahaldi á starfsárinu og birtust skýrsla þar um á öðrum stað í þessari ársskýrslu Visku.

Menntun skiptir sífellt meira máli í samfélaginu og aðgangur fólks að framhalds- og háskólamenntun ræður miklu um búsetu. Þá hefur fjármálakreppan og afleiðingar hennar haft gríðarleg áhrif á allt atvinnustig í landinu. Nú eru milli 8-9% atvinnuleysí á landsvísu, Verst er ástandið á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og allt til Árborgar. Í Vestmannaeyjum er lítið atvinnuleysi eða milli 2-3% og gildir svo um ýmsar sjávarbyggðir á landsbyggðinni. Til þess að bregðast við þessu alvarlega ástandi hafa stjórnvöld beitt sér fyrir samstarfi við Símenntunarmiðstöðvar og átaki í menntamálum yngra fólks sem sem er án atvinnu.

Hér skipta möguleikar til fjarmenntunar miklu. Viska hefur allt frá stofnun árið 2003 leitt hvers konar fjarmenntun og símenntun í Vestmannaeyjum. Sambland af fjarnámi og staðbundnu framhaldsnámi og háskólanámi er eitthvað sem á eingöngu eftir aukast í næstu framtíð. Aftur á móti hefur takmarkað húsnæði Visku verið okkur nokkur fjötur um fót í þessum efnum.

Stjórn Visku hefur samþykkt að fara í vinnu við stefnumótun og móta framtíðarsýn í starfsemi Visku. Þess er vænst að hægt verði að fara í þessa vinnu næsta haust. Starfsemi Visku hefur nú staðið yfir í rúm sjö ár og hefur þróast í takt við breyttar aðstæður.

Starfsfólki Visku og samstjórnarfólki þakka ég fyrir mjög gott samstarf.

Vestmannaeyjum 21. maí 2010

Arnar Sigurmundsson,
form. stjórnar Visku

Skýrsla forstöðumanns



Starfsemi Visku hefur gengið með ágætum yfirstandandi starfsár, en þó með breyttu sniði. Námskeiðum sem slíkum hefur fækkað til muna en þess í stað hafa námsbrautir eða heildstætt nám farið mjög vaxandi. Þykir það m.a. furðu sæta að tekist hafið á árinu 2009 að halda tvo Grunnmenntaskóla í ekki stærra byggðarlagi.

Einnig hefur námskeiðum sem tengjast fyrirtækjum á staðnum og námskeið tengd sjávarútvegi fjölgað. Nú veltir einhver fyrir sér hvað orðið er um gömlu tómstundanámskeiðin. Því er til að svara að í Vestmannaeyjum eru nokkrir aðilar sem bjóða upp á slík námskeið og því hefur ekki verið eins mikil eftirspurn eftir slíkum námskeiðum undanfarin ár hjá Visku. Viska býður nokkrum þessara aðila að koma samstarfs og stundum er það raunin. Ef ánægja verður með þetta fyrirkomulag verður því haldið áfram og námskeið annarra aðila jafnvel auglýst í samstarfi við Visku. Það er gott að hafa á einum stað yfirsýn yfir hvaða námskeið eru í boði á svæðinu.

Í september 2008 fór FA verkefni af stað sem felur í sér að útbúa skráningarkerfi fyrir námsleiðir ög önnur verkefni hjá símenntunarmiðstöðvunum. Námsnet kallast það og er það Stúdía sem vinnur að kerfinu auk hýsingar kerfisins og vistunar gagna. Námsnetið felur í sér umsóknarkerfi, samskiptakerfi leiðbeinenda og námsmanna, nemendabókhalld, skipulag og bókhalld fyrir námskeiðahald og fjármálabókhalld. Einnig bókhalld fyrir náms- og starfsráðgjöf, skýrslusmið fyrir skýrslur til FA auk námsferilsskráningar. Enn er unnið að því að laga og þróa einstaka þætti Námsnetsins að starfsemi símenntunarmiðstöðva og FA. Ekki eru allir á eitt sáttir um kerfið því það er flókið og skilar ekki upplýsingum sem skyldi. Hefur nokkuð verið unnið í því að fá kerfið einfaldað og gera það gagnlegra símenntunarmiðstöðvunum.

Þrátt fyrir stutta sögu virðist ríkja að mestu sátt um framkvæmd og aðferðafræði sem notuð er við raunfærnimat. Samstarf og samræður hafa verið lykillinn að þessum árangri auk þess sem fjármagni hefur verið

stýrt með þeim hætti að það gerir kröfu um samstarf milli formlega skólakerfisins og símenntunarmiðstöðva. Það er eðlilegt að tortryggni sé til staðar þegar nýjar leiðir eru farnar. Mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar hafi möguleika á að koma skoðunum sínum að og þær fái vandaða umfjöllum hefur orðið ljósari. Sífelld meiri þekking byggist upp og betur kemur í ljós hversu samstarf og góð verkefnastýring eru mikilvægir þættir í ferlinu. Einnig hefur það sýnt sig að eftirfylgni við einstaklinga, sem hafa lokið raunfærnimati, eykur verulega líkur á námi að loknu mati. Gleðileg dæmi um það eru að skólar hafa í auknum mæli búið til eða aðlagð námsúrræði fyrir hópa sem lokið hafa raunfærnimati. Raunfærnimat er þáttur sem fer vaxandi í starfi okkar og um þessar mundir er eitt verkefni langt komið í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Í sameiningu erum við að vinna að raunfærnimati í vélstjórnargreinum og gerum það í samstarfi við Iðuna fræðslusetur. Einnig náðust á árinu 2009 samningar um raunfærnimat í verslunarfagnámi og ljóst er að sú vinna haldi áfram í haust. Er ætlunin að þeim verkefnum verði hrundið í framkvæmd á haustmisseri 2010.

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni og Mími-símenntun fjórða árið með samningum við FA. Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni ásamt því að þróa ráðgjöfina í samstarfi við þá.

Á haustmánuðum 2009 átti Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þátt í að virkja fleiri náms- og starfsráðgjafa í þágu atvinnuleitenda. Tveir samningar voru gerðir, annars vegar á milli FA, Vinnumálastofnunar og Kvasis, samtaka fræðsluog símenntunarmiðstöðva og hins vegar milli FA, Vinnumálastofnunar og IÐUNNAR fræðsluseturs. Með samningum þessum munu náms- og starfsráðgjafar á vegum Kvasis og IÐUNNAR fræðsluseturs fara markvisst í að hvetja atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins til virkni í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Valgerður Guðjónsdóttir

Samantekt á árinu 2009

Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50 3. hæð. Alls hefur Viska þá til umráða í Setrinu skrifstofu, tvær kennslustofur og nemendaeldhús. Fundarherbergi sem Viska hafði einnig til umráða var leigt Surtseyjarstofu frá og með vori 2008 og Visku aftur sl. haust. Eðli starfsemi Visku hefur breyst á þann veg að nú er frekar orðin þörf á fleiri minni stofum sem og aðstöðu til verkefnavinnu. Er það von forstöðumanns að úr rætist á næstu misserum. Einnig hefur það lengi verið ljóst að best væri ef starfsemin væri sýnilegri fyrir gangandi vegfarendum en nú er. Það hefur meðal annars verið ósk eldri þátttakenda á námskeiðum Visku sem og skjólstæðingum er koma í gegnum Starfsorku og víðar.

Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu Námsvísis og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísir Visku hefur nú síðustu misseri aðeins verið gefinn út á haustönn en fréttabréf og auglýsingar í netpósti og fréttamiðlum þess utan. Þykir þessi leið skila örari skráningu, því aðeins bar á að fólk tapaði námsvísi og fóru þá námskeið framhjá fólki. Á árinu verða svo gefnir út bæklingar um náms- og starfsráðgjöf sem og fjarnám á háskólastigi.


Starfsemin hefur tekið nokkrum breytingum í takt við eftirspurn. Vinsælustu námskeið síðasta vetur hafa verið starfstengd námskeið, vottuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Annars eru það námskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðisgeiranum sem eru alla jafna fjölmennust.

Það eru samt námsleiðirnar sem skipa orðið stærstan sess í starfsemi Visku en svo virðist þróunin í sjávartengndu námskeiðunum vera nýr þáttur sem önnur byggðarlög sækjast eftir að við kennum.


Þátttaka á námskeið

Árið 2009 hélt Viska alls 30 námskeið en í þeirri tölu má geta þess að sum námskeið varð að halda oftari en einu sinni og teljast þá fleiri. Ekki

eru það þó nema tvö slík námskeið. Og starfsdagar innihalda fleiri en eitt námskeið.



Mynd 1. Fjöldi námskeiða 2009



Mynd 2. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2009

Ef mynd 1 er skoðuð má sjá hver þátttaka á námskeið hjá Visku er á árinu 2009. Ekki virðist vera um fækkun að ræða milli áranna 2008 og 2009. Ef við kíkjum hins vegar á töflu um fjölgun námskeiðsstunda þá væri annað að sjá því fjöldi námskeiðsstunda hefur breyst gríðalega síðustu tvö árin.

Ekki sáum við ástæðu til að láta hér fylgja mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum, en reiknum með að gera það aftur á næsta ári því sannarlega er að fjölga á námskeiðum hjá okkur þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta eins og getið hefur verið.

Sólrún kynnir mynddisk sem hún hefur unnið fyrir sjómenn og gerum við ráð fyrir að með þeirri vinnu sem verða mun í framhaldi muni fleiri karlmenn koma á námskeið hjá okkur.

Vika símenntunar

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina viku á ári. Lengi vel sá Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um framkvæmd og skipulagningu vikunnar í landinu. Eftir að Mennt var aflögð og samdráttur jókst í íslensku samfélagi var ákveðið að styrkja ekki Viku símenntunar á árinu 2009. Var símenntunarmiðstöðvunum í sjálfsveld sett hvort þær helguðu eina viku starfinu eður ei. Forstöðumaður harmar þessa þróun, en í Viku símenntunar hefur gefist mjög gott tækifæri til að vekja athygli á námsframboði og þeirri þjónustu sem er til boða hjá símenntunarmiðstöðvunum, sem og að bjóða upp á ýmis námskeið til skemmtunar og hvatningar til frekara náms.

Samstarfsaðilar námkeiðahalds

Viska á í margvíslegu samstarfi, jafnt í Eyjum sem annars staðar. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar:

Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Hlutverk Kvasis verður sífellt þýðingarmeira fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Eru miðstöðvarnar nú tíu að tölu eftir að Mímir gekk í samtökin á árinu 2009.

Kvasir heldur tvo fasta fundi ár hvert, haustfund og vorfund sem er jafnframt aðalfundur. Var vorfundur 2009 haldinn á Suðurnesjum og haustfundur í Borgarnesi.

Helstu verkefni sem unnin hafa verið innan Kvasis á árinu 2009 voru vinna um samstarf vegna náms- og starfsráðgjafar fyrir Vinnumálastofnun sem og þjónustu símenntunarmiðstöðvanna við unga atvinnuleitendur. Er það samstarfsverkefni Símenntunarmiðstöðvanna, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Vinnumálastofnunnar. Fylgja samningar þar að lútandi með í fylgiskjöllum. Einnig hefur stjórn Kvasis unnið við gerð heimasíðu fyrir Kvasi og stjórn Kvasis hefur lagt mikla áherslu á að sameiginlegur miðlægur skráningargrunnur sé fyrir stöðvarnar. Sér Smári Haraldsson á Ísafirði og Inga Dóra Halldórsdóttir Borgarnesi um þá vinnu.

Leikn

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni, eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum er nú sextán.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn tók við sæti Kvasis í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og hefur tekið upp samstarf með öðrum norrænum heildarsamtökum sama efnis.

FS-netið og Menntabré

Viska á aðild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Nýr aðili tók við stjórn FS-netsins seint á árinu 2007 þegar gerður var samningur við Vodafon.

Viska er eignaraðili að Menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og

Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 hlut af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands.

Erlend samstarfsverkefni

Visku hefur verið boðið að vera með í Evrópuverkefni sem kallast *Cultural treasure hunting* og er samstarf níu þjóða um menntun í menningar- og ferðaþjónustugeiranum. Ekki er á þessu stigi ljóst hvort umsókn um það verkefni hefur verið samþykkt. Mun það koma í ljós í lok júní.

Annað samstarf

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun í Vestmannaeyjum og á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, stéttarfélagin í Vestmannaeyjum, Nýsköpunarmiðstöðvar, Atvinnuþróunarfélagið auk margra fyrirtækja. og stofnana. Auk samstarfs um skipstjórnarréttindi. Aðsókn í slíka menntun hjá Visku og framhalddskólanum hefur aukist og gefur til kynna að framtíð sé fyrir okkur hér í Vestmannaeyjum að bjóða upp á fleiri námskeið tengd sjávarútveginum.

Starfsáætlun 2010

Í fylgiskjali I má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2010. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

Námskeiðahald

Námskeiðahald á vorönn 2010 fór af stað með afar stóru fiskvinnslunámskeiði. Að þessu sinni voru tveir stórir hópar með íslenska þátttakendur og einn fyrir pólvörja. Nokkru seinna var svo boðið upp á námskeið fyrir blandaðan erlendan hóp. Er skemmst frá því að segja að námskeiðin gengu í alla staði vel.

Í framhaldi af því hafa svo verið haldin nokkur námskeið sem gengið hafa vel og verið nokkuð vel sótt. Stærst er þó að nefna smábátanám til 12 metra réttinda. Var þar kennt á fimm stöðum á landinu auk nemenda í Vestmannaeyjum. Þar að auki var hópur númer tvö í Grunnmenntaskóla útskrifaður auk nokkurra smærri námskeiða.

Fjarnám

Fjarnám á framhaldsskólastigi

Viska og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hafa haldið áfram samvinnu um kennslu til Hvolsskóla í Rangárþingu eystra. Smábátanám það sem kennt var á Visku á vorönn 2010 er einnig á framhaldsskólastigi og var að hluta kennt í fjarnámi.

Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur ekki fjölgað hin síðustu ár. Greinum sem kenndar eru í fjarnámi hefur hins vegar fjölgað. Iðjuþjálfun, sjávarútvegsfræði eru t.a.m. nýjar greinar sem hægt er að nema í fjarnámi. Auk þess eru ýmsar framhaldsgreinar nú kenndar í fjarnámi. Viska stefnir áfram á að geta boðið öllum nemum er stunda fjarnám upp á námsaðstöðu í húsnæði Visku óháð fjarnámsformi. Til að svo megi verða þarf að auka það húsnæði sem Viska hefur til ráðstöfunar. Öðugt er um vik hér í húsi. Viska þarf sannarlega á þremur fjarnámsstofum að halda fyrir utan námsaðstöðu. Ekki þyrftu fjarnámsstofurnar allar að vera mjög stórar en ein stór a.m.k. sem einnig gæti verið fyrirlestrarsalur. Er það von okkar að úr leysist á komandi starfsári.

Háskólahátíð

Ekki var haldin háskólahátíð 2009 þar sem útskriftarnemar í fjarnámi voru ekki nægjanlega margir til að hægt væri að standa fyrir hátíð. Verður það metið ár hvert hvort ástæða þykir að halda hátíð sem slíka.

Sérverkefni

Sérverkefni voru ýmis konar í vetur og felast fyrst og fremst í gerð starfsdaga fyrir fyrirtæki og stofnanir. Með tilkomu Starfsorku aukast slík verkefni. Einnig hefur námsráðgjafi Visku verið með ýmis konar kynningar og styttri námskeið fyrir einstaka hópa.

Mikið hefur færst í vöxt að fjarfundabúnaður sé leigður til fundahalda og er Vestmannaeyjabær þar fremstur í flokki. Gefur þetta örlitlar aukatekjur upp í kostnað við fjarskiptanetið.

Samantekt og framtíðarsýn

Árið 2009 var það stærsta í sögu Visku. Aukningin í námskeiðahaldi hefur verið það mikil að starfsemin kallar á enn stærra húsnæði. Það verður því verkefni framtíðarinnar að skoða hvaða möguleikar eru í boði, bæði sjálfstætt og í samstarfi við þekkingarnetið. Með tilkomu Landeyjarhafnar sjáum við einnig fram á aukið samstarf upp á fastalandið bæði getum við veitt þeim þjónustu sem og þegið aukna þjónustu þaðan.

Viska hefur haldið áfram að þróa og bæta gæði í sínum rekstri. Innleiðing nýs nemenda- og námskeiðavistunarkerfis er í þróun og þegar það hefst að sníða það að þörf símenntunamiðstöðvanna gerir það okkur kleift að halda betur utan um skýrslugerð starfsins. Húsnæðismálin eru í raun sá þáttur sem helst þarf að skoða á næstunni. Með grunnmenntaskóla og námi í almennum bóklegum greinum í haust er fyrirséð að við munum teppa húsnæði það er við nú höfum að fullu. Sl. vetur voru námskeið sem slík kennd alfarið í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum því fjarnemar teppa stofur hér á Strandvegi flest kvöld. Einnig er fyrirséð að fara í vinnu við heimasíðuna okkar, bæta tæki og tækni í kennslustofum sem og stefnumótunarvinnu fyrir Visku.

Ég vil nota hér tækifærið og þakka fyrir það tækifæri sem ég hef fengið við að byggja upp Visku á þeim trausta grunni sem fyrir var þegar ég kom til starfa fyrir fimm árum síðan.

Valgerður Guðjónsdóttir

Forstöðumaður Visku

Fylgiskjal I

Rekstraráætlun Visku 2010

Tekjur:

Framlag á fjárlögum 2010	kr. 21.200.000
Framlag á fjárlögum v/FS netsins	kr. 1.700.000
Innkomið v/námskeiða	kr. 4.000.000
Samningar v/FA um vottaðar námsleiðir	kr. 13.000.000
Samn. v/FA náms-starfsráðgj. & raunf.mat	kr. 3.000.000
Menntam.ráðuneyti - Ísl. fyrir útlendinga	kr. 1.000.000
Aðrar tekjur	kr. 1.000.000
Fjármagnstekjur	kr. 1.500.000

Samtals tekjur	Kr. 46.400.000
----------------	----------------

Gjöld:

Launakostnaður	kr. 11.000.000
Ókutækjastyrkir	kr. 500.000
Ferðakostnaður starfsfólks	kr. 800.000
Þjónustuskrifst. ÞSV bókhald- endursk	kr. 3.300.000
Þóknun til stjórnarmanna m/launatenglum	kr. 1.500.000
Kostnaður v/ námskeiða og sérverkefna	kr. 11.500.000
Stofnbúnaður	kr. 4.000.000
Húsnæðiskostnaður	kr. 2.500.000
Upplýsingakerfi, sími og Fsnet	kr. 3.500.000
Markaðssetning og kynningarstarf	kr. 1.500.000
Annar kostnaður	kr. 1.500.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr. 41.600.000
Tekjur umfram gjöld	kr. 4.800.000

Rekstraráætlun Visku 2010 var lögð fram, tekin til umræðu og samþykkt á stjórnarfundum 2. febr. 2010

Arnar Sigurmundsson
Arnar Sigurmundsson.

Helga Björk Ólafsd.
Helga Björk Ólafsd.

Baldur Þórðsson
Baldur Þórðsson

Þórunn Þórunn
Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn
Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn
Þórunn Þórunn

Danís Þórunn
Danís Þórunn

Fylgiskjal II

Tækja- og áhaldalisti

31.12.2003 uppfærður 14. maí 2010

Tæki/áhöld	Staðsetning
Fjarfundabúnaður Polycom 2003	Þekkingasetur Vestmannaeyja, suður
Fjarfundabúnaður VCON 2000	Þekkingasetur Vestmannaeyja, norður
Fjarfundabúnaður PictureTel ISDN	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjalavarp	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki LG	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Toshiba TLG530 og loftfestingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Mask og loftfestingar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Prentari hp-deskjet 5550	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Fartölva Dell inspiron 8200 ónýt 2006	Forstöðumaður
PC -tölva við VCON fjarf.búnað Dell	Þekkingasetur Vestmannaeyja
IPM tölvuskjár VCON fjarf.búnað	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Farsími Nokia ónýtur 2005	Forstöðumaður
Magnari Pioneer við VCON fjarf.búnað og 2 hátalarar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skrifborð	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hillur – tvær einingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hp þráðlaust lyklaborð og mús	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Þráðlaus hljóðnemi WMS 40 AKG	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Ýmis skrifstofuáhöld – stimpill ofl.	Þekkingasetur Vestmannaeyja

2004

Pappírstætar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Kaffikönnur/hitakönnur	Þekkingasetur Vestmannaeyja og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Búnaður í eldhús; glös, diskar, hnífapör, könnur, kökudiskar, ofl.	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp 100 riða tæki (Geisli– heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki (Geisli – heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjávarpi Mask C20 og loftfestingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja stofu 2

2005

Polycom myndfundabúnaður V500	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Örbylgjuofn	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Samlokugrill	Þekkingasetur Vestmannaeyja

Canon Digital IXUS 40	Hjá forstöðumanni
Sony Ericson farsími ónýtur 2006	Hjá forstöðumanni
Skype myndavél	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við tölvu Logitech	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Útvarp Scott	Þekkingasetur Vestmannaeyja

2006

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sýningartjald	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Motorolasími ónýtur 2009	Hjá forstöðumanni
Upptökutæki	Hjá forstöðumanni
Dell skjár model nr. M992 úrellt 2008	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Dell Latitude D 600 úrellt 2008	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Swich þriggja porta úrellt 2007	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Mini Optical Mouse	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Kingston usb kubbur 512 MB	Hjá forstöðumanni
12 fartölvur Levano IBM	Þekkingasetur Vestmannaeyja
2 borðtölvur IBM TC M52	Þekkingasetur Vestmannaeyja
2 IBM Skjáir 19"	Þekkingasetur Vestmannaeyja
10 borð	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Prentari Lexmark C524	Þekkingasetur Vestmannaeyja

2007

Whirlpool kælikápur	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Silver line plöstinarvél	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Auglýsingastandur	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Airis Mini Cadenda hljómfletæki	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sony 46" Bravia Plasmaskjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Samsung 50" LCT skjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá forstöðumanni

2008

HDX 8004 XLP innifalið er HD codec HD, Eagle Eye HD myndavél, HDX hljóðnemi, tengigeta f. allt að 4 Mbps, 4 porta fjarfundabúnaður, People+Content IP, People on Content IP, Ensk fjarstýring, Analogport fyrir fundarsíma, kapplar: VGA video (DVI-to-VGA), audio (RCA-to-RCA), LAN, RJ11,	Þekkingasetur Vestmannaeyja
HP scanjet G3010	Skrifstofa forstöðumanns
Canon prentari IP 4600	Skrifstofa forstöðumanns
T office flettistandur á skrifborð	Skrifstofa forstöðumanns

2009



Nokia farsími	Veski forstöðumanns	
Tölvuswitch	Kennslustofa norður	
Tölvuframlengingasnúra	Kennslustofa suður í tölvuskáp	
Bernina saumavél	Hjá forstöðumanni	250.000 kr

2010

Dell Intel pentium tölva og skjá	Skrifstofa forstöðumanns
Skrifborð, hillur og stóll	Skrifstofa námsráðgjafa
Ýmsar skrifstofuvörur	Skrifstofa námsráðgjafa
Blaðagrind	Skrifstofa forstöðumanns
MSI webcam	Skrifstofa forstöðumanns
USB minnislyklar fyrir kennara	Skrifstofa forstöðumanns
Headset fyrir síma	Skrifstofa námsráðgjafa
Þráðlaus tölvumús	Skrifstofa forstöðumanns

Fylgiskjal III

Samstarfssamningur

Vinnumálastofnun kt. 700594-2039 annars vegar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kt. 430403-3110 og Kvasir samtök fræðslu og símenntunarmiðstöðva kt. 510302-3890 hins vegar, gera með sér samstarfssamning um þjónustu náms og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum til að virkja atvinnuleitendur sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

1. gr. Markmið og gildissvið samnings

Markmið samnings þessa er að formgera samstarf samningsaðila um að virkja atvinnuleitendur, einkum langtímaatvinnulausa, sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, með náms og starfsráðgjafaviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúræðum sem samningsaðilar telja þjóna réttum tilgangi.

Samningurinn tekur til náms og starfsráðgjafa á vegum símenntunarmiðstöðva fyrir fólk á vinnumarkaði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fjármuni til að kosta með samningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins við menntamálaráðuneytið.

Samningur þessi er gerður með vísan til 2.mgr.12.gr.laga nr. 55/2006.

2. gr. Verklag

- Vinnumálastofnun beinir ákveðnum hóp í ráðgjöf til símenntunarmiðstöðva, sem er skilgreindur út frá lengd atvinnuleysis, menntun, aldri, starfi og öðrum þeim þáttum sem ráða því í hversu brýnni þörf viðkomandi er fyrir ráðgjöf og virkni.
- Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva hafa samband við þá einstaklinga sem falla í hinn skilgreinda hóp með hvetjandi aðferðum. Lögð er áhersla á skylduvirkni og að verkefnið sé kynnt á þann hátt að ráðgjafi boði atvinnuleitanda í ráðgjafarviðtal í umboði Vinnumálastofnunar.
- Eftir viðtal metur ráðgjafi þörf fyrir frekari virkni aukandi aðgerðir, finnur vinnumarkaðsúræði við hæfi og hefur um það samráð við ráðgjafa Vinnumálastofnunar á viðkomandi landssvæðum ef þar er gert ráð fyrir fjárhagslegri aðkomu stofnunarinnar.
- Ef atvinnuleitandi fer í framhaldi af ráðgjafarviðtali í úrræði sem símenntunarmiðstöð skipuleggur þá er eftirfylgnin í höndum ráðgjafa símenntunarmiðstöðvar, sem sendir upplýsingar um þátttöku til ráðgjafa VMST þegar úrræði er lokið.
- Ef atvinnuleitandi fer í framhaldi af ráðgjafarviðtali í úrræði sem er á forræði VMST þá tekur ráðgjafi VMST við máli hans að loknu ráðgjafarviðtali og sinnir eftirfylgninni

3. gr. Miðlun upplýsinga

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva senda Vinnumálastofnun reglubundið upplýsingar um samskipti við atvinnuleitanda og nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsúræði og laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Upplýsingarnar verða á ákveðnu stöðluðu rafrænu formi sem Vinnumálastofnun mun útfæra. Stofnunin mun færa upplýsingarnar inn í samskiptagrunn sinn og gagnabanka til frekari úrvinnslu.

4. gr. Trúnaður og þagnarskylda

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva eru bundnir trúnaði um hverjar þær upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu á grundvelli þessa samnings, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni og þess er upplýsingarnar veitir, að öðru leyti en því sem snertir beint framkvæmd laga sbr. 3. gr.

[Handwritten signature]

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu á grundvelli þessa samnings, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5. gr. Fagkröfur

Tryggt skal að á grundvelli þessa samnings skuli aðeins fagmenntaðir ráðgjafar annast ráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðva.

6. gr. Magn

Ákveðið verður fyrirfram hve mörgum einstaklingum hver símenntunarmiðstöð mun sinna í hverjum mánuði og miðast fjöldinn við þá fjárhæð sem símenntunarmiðstöðin fær greitt frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir ráðgjöf.

7. gr. Tilkynning til atvinnuleitenda

Vinnumálastofnun mun tilkynna atvinnuleitendum með almennum hætti um það samstarf sem til er stofnað með samningi þessum. Einstaka þjónustuskristofur Vinnumálastofnunar geta í samráði við símenntunarmiðstöðvar haft sértækara verklag ef aðstæður leyfa.

8. gr. Kostnaður

Kostnaður vegna ráðgjafar er borinn af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins af þeim fjármunum sem hún hefur til ráðstöfunar frá menntamálaráðuneyti, til að kosta náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði.

9. gr. Árangursmat

Þremur mánuðum eftir að samningurinn tekur gildi (eða fyrr ef samningsaðilar telja þörf á) munu samningsaðilar ræða og meta árangur samstarfsins og hvort gera þurfi breytingar. Vinnumálastofnun boðar til árangursmatsfundar.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá undirritunardegi og gildir til 1. júní 2010.

11. gr. Undirritun

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta

Reykjavík 28. október 2009.

Fh. Vinnumálastofnunar

Ólafur Þ. Ólafsson

Fh. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Guðjónsdóttir

Fh. Kvasis –
samtaka fræðslu og
símenntunarmiðstöðva

Jóna Dóra Handósdóttir

Vottar:

Þorgerður Þorgerðsdóttir
Kristjánsson

Fylgiskjal IV

Vinnumálastofnun
kt. 700594-2039
(í samningi þessum nefnd VMST)
og
Símenntunarmiðstöð XXXlands
kt.
(í samningi þessum nefndur verksali)

gera með sér svohljóðandi;

Þjónustusamningur

á grundvelli laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerðar nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og búferlastyrki.

1. gr. Forsendur samnings.

Þessi samningur er liður í átaki félags- og tryggingarmálaráðuneytisins og VMST, **Ungt fólk til athafna**. Átakinu er ætlað að veita ungum atvinnuleitendum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins tækifæri til þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal námsúrræðum.

2. gr. Gildissvið.

Samningur þessi tekur til námsúrræða á vegum símenntunarmiðstöðva sem ætluð eru ungum atvinnuleitendum sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda um að ræða vinnumarkaðsúrræði, sbr. d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir.

3. gr. Þjónusta og markmið.

Markmið samnings þessa er að veita ungum atvinnuleitendum sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins tækifæri til þátttöku í námsúrræðum á vegum símenntunarmiðstöðva, sbr. einnig 5. gr. reglugerðar nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og búferlastyrki. Með samningi þessum kaupir VMST sértæka þjónustu verksala á sviði námsúrræða sem teljast til vinnumarkaðsaðgerða.

Inntak þjónustu verksala er skilgreint nánar í námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

4. gr. Greiðsla og fjöldi einstaklinga í þjónustu.

Greiðsla VMST til verksala miðast við fylgiskjal 2 sem er samningur VMST við Kvási dags. 5. febrúar 2010; kr. 13.800,- fyrir hverja kennslustund á hóp.

Greiðslan miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum þ.m.t. greiðslu til verktaka eða launamanna sem annast námsúrræðið, lífeyrisskuldbindinga þeirra og öðrum starfstengdum kostnaði sem kann að falla til, svo sem launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaði, hugsanlegum bótakröfum frá þátttakendum í námsúrræðum o.s.frv.

VMST getur vísað **X** ungum atvinnuleitendum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins í hvert námsúrræði hjá verksala.

5. gr. Samskipti VMST og verksala.

Hvor aðili um sig tilnefnir tengilið sem annast samskipti aðila um verkefnið, sbr. fylgiskjal 3.

6. gr. Fyrirkomulag á inntöku í námsúrræði og eftirfylgni.

VMST velur unga atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins til þátttöku í námsúrræðum og sendir lista yfir þátttakendur til verksala. Ef þátttakandi hættir þátttöku án tillits til ástæðna þess skal verksali tilkynna VMST um það tafarlaust og geta ástæðna þess til þess ráðgjafa sem fer með mál viðkomandi hjá VMST.

Við undirbúning námsúrræðis skal verksali vera meðvitaður um að hugsanlega þurfi að fresta úrræðinu ef næg þátttaka fæst ekki meðal ungra atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Við samningsgerð við starfsfólk eða undirverktaka skal verksali gera ráð fyrir þessu. Verksali og VMST skulu ákveða dagsetningu fyrir hvert námsúrræði þar sem úttekt verður gerð á því hvort þátttaka sé næg.

Miðað er við að eigi síðar en tíu virkum dögum fyrir áætlaðan upphafsdag námsúrræðis verði tekin ákvörðun um hvort námsúrræðið verði haldið.

7. gr. Miðlun upplýsinga og eftirlit.

Verksali fylgist með ástundun þátttakenda og heldur mætinga- og viðveruskrá. Í kynningu til þátttakenda skal verksali taka fram að mætingaskylda sé 100%. Veikist þátttakandi meðan á þátttöku hans stendur skal hann tilkynna um það til verksala án ástæðulauss dráttar og skila inn læknisvottorði. Jafnframt skal hann hafa samband við ráðgjafa sinn hjá VMST. Verksali tryggir að mætingarskráning sé regluleg og skal henni skilað til VMST við lok námsúrræðis.

Verksali skuldbindur sig til að skila VMST stöðumati varðandi hvern þátttakanda í lok námsúrræðis. Jafnframt skal VMST hafa fullan aðgang að upplýsingum og gagnagrunnum um frammistöðu og ástundun þátttakenda á hverjum tíma.

Verksali sendir einnig VMST reglubundið aðrar upplýsingar um samskipti við þátttakendur í námsúrræðum á vegum hans sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, og laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Upplýsingarnar verða á ákveðnu stöðluðu rafrænu formi sem Vinnuálastofnun mun útfæra nánar. VMST mun færa upplýsingarnar inn í samskiptagrunn sinn og gagnabanka til frekari úrvinnslu.

Slíkur aðgangur og upplýsingagjöf milli verksala og VMST skal byggja á upplýstu samþykki þátttakanda gagnvart VMST og skal það liggja fyrir við upphaf þátttöku hans í námsúrræði samkvæmt námssamningi við VMST og samningi þessum.

VMST hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem VMST telur þörf á hverju sinni.

Verksali skuldbindur sig til að upplýsa VMST án tafar ef hann telur sig ekki geta staðið við skilmála samnings þessa.

8. Þagnarskylda.

Starfsmönnum verksala ber að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum eða skuli haldið leyndum lögum samkvæmt.

9. Framsal á réttindum eða skyldum.

Verksala er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki VMST.

10. Vanefndir.

Vanefni verksali samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur VMST krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er VMST heimilt að skerða framlag sitt skv. 4. gr. í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.

11. Gildistími, uppsögn, endurskoðun og árangursmat.

Áður en samningstími rennur út skulu samningsaðilar halda sérstakan árangursmatsfund þar sem þeir munu ræða og meta árangur samstarfsins, framhald þess og hvort ástæða sé til að gera breytingar á framkvæmdinni. VMST boðar til árangursmatsfundar.

Samningur þessi gildir til XX/XX 2010.

Staður, dagsetning...

f.h. Vinnumálastofnunar

f.h. Símenntunarmiðstöðvar xxx
